



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Árshlutareikningur A-hluta og samantekinn árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – september 2020

Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk gagnvart borgarstjórn að sinna fyrir hönd hennar eftirliti með verklagi við gerð reikningsskila, eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirliti með ytri endurskoðun eins og fram kemur í 108. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur átt fund um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar - september 2020 með sviðsstjóra Fjármála- og áhættustýringarsviðs og sérfræðingum á sviðinu. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Nefndin hefur einnig fundað með stjórnendum Orkuveitu Reykjavíkur og fengið kynningu á árshlutareikningi félagsins fyrir sama tímabil en árshlutareikningur félagsins hefur töluvert vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðun lauk í þessum mánuði eftirfylgniskoðun á uppgjörferli Reykjavíkurborgar. Helstu niðurstöður skoðunarinnar eru að af tíu ábendingum sem gerðar voru í maí 2018 er nú ábendingum lokað þar sem úrbætur hafa verið gerðar, en unnið er að úrbótum vegna þeirrar ábendingar sem út af stendur.

Árshlutareikningar A hluta Reykjavíkurborgar, einstakra B hluta félaga í samstæðunni og samantekinn árshlutareikningur eru gerðir með sambærilegum hætti og árshlutareikningar síðustu ára.

Reikningsskilaráð skilaði álitum í júlí sl. um reikningshaldslega meðferð fjárfestingareigna og í október sl. skilaði Reikningsskila- og upplýsinganefnd álitum um reikningsskil samstæðu Reykjavíkurborgar og reikningsskil Félagsbústaða hf. Eftir að álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar lá fyrir óskaði endurskoðunarnefnd eftir greinargerð frá Fjármála- og áhættustýringarsviði varðandi gerð samantekinna reikningsskila og afstöðu sviðsins til þess hvort álitunni gerði kröfu um breytingar á uppgjörsaðferðum Reykjavíkurborgar. Nefndinni hefur ekki borist greinargerðin en væntir hennar á næstu dögum. Endurskoðunarnefnd hefur ekki komist að niðurstöðu um áhrif álitanna á reikningsskil Reykjavíkurborgar en vinnur að því að afla sér frekari gagna og upplýsinga.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar

Lára Finnbogason
formaður